

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2018

Starfsmenntasjóður verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 421001-2270

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------|------|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-10 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóð verslunarinnar fyrir árið 2018.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsmenntasjóði verslunarinnar, í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórn og stjórnenda á ársreikningum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Ef við á, skulu stjórn og stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og stjórnendur hafi ákvæðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða svíksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða svíksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna svíksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem svíksemi getur falið í sér samsæri, skjalaðals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórn og stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafí leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 11. október 2019.

Deloitte ehf.



Pálma Árnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarafgangur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar á árinu 2018 nam kr. 10.786.535 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 179.191.602, bókfært eigið fé í árslok er kr. 176.953.512 og er eiginfjárhlfutfall félagsins 99%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Starfsmenntasjóðs verslunarinnar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsmenntasjóðs verslunarinnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. júlí 2019

Í stjórn

Elma Kristjánsdóttir
Bjarni Þórarinsson
INNBOÐA ÓLFIÐA
Anna K. Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|------------------------------------------|-------|--------------|--------------|
| Iðgjöld | | 45.051.694 | 42.246.657 |
| Úthlutaðir styrkir | 3 | (35.176.182) | (20.820.171) |
| Iðgjöld umfram styrki | | 9.875.512 | 21.426.486 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (3.925.153) | (4.581.639) |
| Rekstrarhagnaður | | 5.950.359 | 16.844.847 |
| Fjármunatekjur | 4 | 6.200.748 | 5.150.128 |
| Fjármagnstekjkuskattur | | (1.364.572) | (1.029.596) |
| Rekstrarafgangur ársins | | 10.786.535 | 20.965.379 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| Eignir | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|------------------------------|--------------|-------------------|-------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 5 | 3.829.801 | 3.700.235 |
| Handbært fé | 5 | 175.361.801 | 163.763.223 |
| | | <hr/> 179.191.602 | <hr/> 167.463.458 |
| Eignir | | <hr/> 179.191.602 | <hr/> 167.463.458 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Stofnframlag VR | | 8.964.350 | 8.964.350 |
| Óráðstafað eigið fé | | 167.989.162 | 157.202.627 |
| Eigið fé | | <hr/> 176.953.512 | <hr/> 166.166.977 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7 | 2.238.090 | 1.296.481 |
| Skuldir | | <hr/> 2.238.090 | <hr/> 1.296.481 |
| Eigið fé og skuldir | | <hr/> 179.191.602 | <hr/> 167.463.458 |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 5.950.359 | 16.844.847 |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda | | 812.043 | (450.707) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 6.762.402 | 16.394.140 |
| Innborgaðaðar vaxtatekjur | | 6.200.748 | 5.150.128 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | | (1.364.572) | (1.029.596) |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>11.598.578</u> | <u>20.514.672</u> |
| Hækjun handbærs fjár | | 11.598.578 | 20.514.672 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 163.763.223 | 143.248.551 |
| Handbært fé í lok árs | | <u>175.361.801</u> | <u>163.763.223</u> |

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunarinnar var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og FA hins vegar sem tók gildi þann 1. febrúar árið 2000.

2. Reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innheimt iðgjöld á tímabilinu eru tekjfærð sem iðgjöld tímabilsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok 2018 eru ekki reiknuð.

Eftifarandi er samantekt á helstu reikningsskilaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndar mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Helstu aðilar sem eru tengdir félaginu eru VR, LÍV og FA

3. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir skiptast þannig:

| Styrkir til starfsmanna aðildarfyrirtækja: | 2018 | 2017 |
|--------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| VR | 29.796.964 | 18.651.559 |
| FVSA | 396.291 | 363.300 |
| Fraðslustjóri að láni | 378.121 | 0 |
| Fraðslustyrkir FA | 4.604.806 | 1.305.312 |
| Þróunarstyrkir | 0 | 500.000 |
| Samtals úthlutaðir styrkir | <u>35.176.182</u> | <u>20.820.171</u> |

Skýringar

4. Fjármunatekjur

| | 2018 | 2017 |
|--------------------------------------------------------------|----------------|-----------|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 6.202.633 | 5.148.020 |
| (Vaxtagjöld)/Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum | <u>(1.885)</u> | 2.108 |
| | 6.200.748 | 5.150.128 |

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|-------------------------------------|----------------|------------|
| Lífeyrissjóður Verslunarmanna | 3.020.472 | 2.895.702 |
| F.V.S. Akureyri | 34.849 | 62.045 |
| VR | <u>774.480</u> | 742.488 |
| | 3.829.801 | 3.700.235 |

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|----------------------|-------------|-------------|
| Bankainnstæður | 175.361.801 | 163.763.223 |

6. Eigið fé

| | Stofnfé VR | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|-------------------------------------|---------------|------------------------|-------------|
| Eigið fé 1.1.2017 | 8.964.350 | 136.237.248 | 145.201.598 |
| Rekstrarafgangur/(tap) ársins | 0 | 20.965.379 | 20.965.379 |
| Eigið fé 31.12.2017 | 8.964.350 | 157.202.627 | 166.166.977 |
| Rekstrarafgangur/(tap) ársins | 0 | 10.786.535 | 10.786.535 |
| Eigið fé 31.12.2018 | 8.964.350 | 167.989.162 | 176.953.512 |

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|--------------------------------|------------|------------|
| Skuld við VR | 823.322 | 796.481 |
| Skuld við FA | 1.414.768 | 0 |
| Skuld við F.V.S Akureyri | <u>0</u> | 500.000 |
| | 2.238.090 | 1.296.481 |

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, þeint eða óþeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2018:

| | Iðgjöld | Úthlutaðir styrkir | Kröfur | Skuldir |
|------------------------------------|-------------------|-----------------------|------------------|------------------|
| VR | 8.877.734 | 29.796.964 | 774.480 | 823.322 |
| Lífeyrissjóður verslunarmana | 35.510.924 | 0 | 3.020.472 | 0 |
| FA | 0 | 4.604.806 | 0 | 1.414.768 |
| | 44.388.658 | 34.401.770 | 3.794.952 | 2.238.090 |

Viðskipti við tengd félög árið 2017:

| | Iðgjöld | Úthlutaðir styrkir | Kröfur | Skuldir |
|------------------------------------|-------------------|-----------------------|------------------|----------------|
| VR | 8.310.549 | 18.651.559 | 742.488 | 796.481 |
| Lífeyrissjóður verslunarmana | 33.242.187 | 0 | 2.895.702 | 0 |
| FA | 0 | 1.305.312 | 0 | 0 |
| | 41.552.736 | 19.956.871 | 3.638.190 | 796.481 |

9. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 1. júlí 2019

Sundurliðanir

| | 2018 | 2017 |
|-------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Seldar vörur og þjónusta | | |
| Innheimt iðgjöld LV | 35.510.924 | 33.242.187 |
| Innheimt iðgjöld hjá FVSA | 530.428 | 555.135 |
| Iðgjöld framlag VR | 8.877.734 | 8.310.549 |
| Iðgjöld framlag FVSA | 132.608 | 138.786 |
| | 45.051.694 | 42.246.657 |
| Styrkir | | |
| Fræðslustyrkir VR/LÍV | 29.796.964 | 18.651.559 |
| Fræðslustyrkir FA | 4.604.806 | 1.305.312 |
| Fræðslustyrkir FVSA | 396.291 | 363.300 |
| Fræðslustjóri að láni | 378.121 | 0 |
| Þróunarstyrkir | 0 | 500.000 |
| | 35.176.182 | 20.820.171 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | |
| Endurskoðun og reikningsskil | 355.676 | 344.872 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 0 | 234.941 |
| Fundir og ráðstefnur | 16.736 | (63.854) |
| Innheimtukostnaður | 903.686 | 847.709 |
| Þóknun greidd til FA | 1.414.768 | 1.330.591 |
| Þóknun greidd til VR | 1.234.232 | 1.887.380 |
| Annar kostnaður | 55 | 0 |
| | 3.925.153 | 4.581.639 |